

um heimild fyrir Þjóðhátíðarnefnd lýðveldisstofnunar á Íslandi til að taka í sínar hendur umráð yfir bifreiðum 16.—18. júní 1944.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

1. gr.

Þjóðhátíðarnefnd lýðveldisstofnunar á Íslandi er heimilt að taka í sínar hendur umráð yfir:

- I. a. leigubifreiðum, skrásettum á bifreiðastöðvum,
b. 10—37 farþega fólksflutningabifreiðum,
c. vörubifreiðum, sem að áliti nefndarinnar eða fulltrúa hennar eru hæfar til fólksflutninga.
- II. Að ákveða hámarksverð á fargjöldum með bifreiðum og greiðslu til bifreiðaeigenda, að fengnum tillögum Viðskiptaráðs.
Ákvæði þessi gilda dagana 16.—18. júní 1944.

2. gr.

Umráðamönnum bifreiða þeirra, er um getur í 1. gr., er skylt að gefa sig fram til skrásetningar samkvæmt auglýsingu þar um.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 1000—50000 kr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Hinn 31. maí 1944 voru gefin út bráðabirgðalög samhljóða frumvarpi þessu, sem er lagt fyrir þingið samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, og fylgja bráðabirgðalögin hér með sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um heimild fyrir Þjóðhátíðarnefnd lýðveldisstofnunar á Íslandi til að taka í sínar hendur umráð yfir bifreiðum 16.—18. júní 1944.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Dómsmálaráðherra hefur tjáð mér, að til þess að greiða fyrir fólksflutningum Þjóðhátíðardagana 1944 telji hann nauðsynlegt, að Þjóðhátíðarnefnd lýðveldisstofnunar á Íslandi verði gefin heimild til að taka bifreiðar til sínna umráða dagana 16.—18. júní 1944 og ákveða hámarksverð á fargjöldum með bifreiðum og greiðslu til bifreiðaeigenda.

Með því að ég tel það brýna nauðsyn, að Þjóðhátíðarnefnd lýðveldisstofnunar á Íslandi sé veitt ofanefnd heimild, gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Þjóðhátíðarnefnd lýðveldisstofnunar á Íslandi er heimilt að taka í sínar hendur umráð yfir:

- I. a. leigubifreiðum, skrásettum á bifreiðastöðvum,
b. 10—37 farþega fólksflutningabifreiðum,
c. vörubifreiðum, sem að áliti nefndarinnar eða fulltrúa hennar eru hæfar til fólksflutninga.
- II. Að ákveða hámarksverð á fargjöldum með bifreiðum og greiðslu til bifreiðaeigenda, að fengnum tillögum Viðskiptaráðs.
Ákvæði þessi gilda dagana 16.—18. júní 1944.

2. gr.

Umráðamönnum bifreiða þeirra, er um getur í 1. gr., er skylt að gefa sig fram til skrásetningar samkvæmt auglýsingu þar um.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 1000—50000 kr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. maí 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Einar Arnórsson.